

Athugasemdir um tillögu til þingsályktunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða

Athugasemd vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar í Þjórsá.

Í helstu rökum til að setja Hvammsvirkjun í Þjórsá í 1. orkunýtingarflokk er vísað til þess að fyrirhuguð virkjun sé langt komin í undirbúningi, hún hafi þegar farið í gegn um umhverfismat, að aðalskipulag liggja fyrir og útboðshönnun sé langt komin (Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 2011).

Umhverfismat vegna Hvammsvirkjunar var birt í apríl 2003, fyrir rúmlega átta árum síðan. Gögn sem liggja til grundvallar um umhverfismatið er enn eldra.

Stífla fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar/Núpsvirkjunar liggur rétt ofan við Viðey í Þjórsá (Landsvirkjun, 2003). Eyjan, sem ávalt hefur notið náttúrulegrar verndar Þjórsár frá ágangi manna og beitardýra var ekki rannsökuð ýtarlega þrátt fyrir sterkar vísbendingar um einstaka náttúru í ljósi fyrrnefndar verndar (Landsvirkjun, 2003) og því var ekki vitað nákvæmlega hve margar tegundir uxu í eyjunni.

Sumarið 2009 fóru fram gróður- og umhverfismælingar í 13 rannsóknarreitum bæði í Viðey og á bökkum Þjórsár beggja vegna eyjunnar. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að í Viðey fundust yfir 70 plöntutegundir, þar af tvær tegundir sem teljast sjaldgæfar á landsvísu; grænlija og kjarrhveiti (Anna Sigríður Valdimarsdóttir, 2010). Þetta eru gríðalega mikilvægar upplýsingar í ljósi takmarkaðra upplýsinga áður og metnaðarleysis í mati á umhverfisáhrifum.

Þann 24. ágúst sl. var hin merka Viðey friðlýst sem friðland. Markmið friðlýsingarinnar var „að vernda náttúrulegan, lítt snortinn og gróskumikinn birkiskóg ásamt því lífríki sem honum fylgir. Einnig er markmið friðlýsingarinnar að vernda erfðaeiginleika og erfðafjölbreytileika birkisins og annars gróðurs í ynni. Markmið friðlýsingarinnar er enn fremur að treysta verndargildi Viðeyjar í Þjórsá, sérstaklega vísinda- og fræðslugildi „ (Umhverfisráðuneytið, 2011).

Með friðlýsingu Viðeyjar í Þjórsá er jafnframt verið að „styrkja líffræðilega fjölbreytni vistgerða og vistkerfa svæðisins með því að vernda tegundir plantna og annarra lífvera ásamt erfðaaauðlindum sem tegundirnar búa yfir og búsvæði þeirra“ (Umhverfisráðuneytið, 2011). Í friðlandinu er bannað að rækta framandi plöntutegundir, öðrum en landeigendur er óheimil umferð um eyjuna nema að gefnu leyfi Umhverfisstofnunar og ef að af virkjun verður skal friðlandið verða girt af til verndar lífríkis gegn mönnum og dýrum (Umhverfisráðuneytið, 2011).

Friðlýsing Viðeyjar er gríðalega mikilvæg m.t.t. vísinda og rannsókna. Hér geta vísindamenn á sviði skógfræði, grasfræði, landgræðslu- og vistheimtarfræðum og fleiri sviðum náttúruvísinda haft afar mikilvægan aðgang að rannsóknarsvæði sem gefur upplýsingar um gróðurframvindu, sérstæðar háplöntutegundir og erfðafjölbreytileika.

Með tilkomu stíflu rétt ofan við Viðey er ljóst að rennsli árinna minnkar töluvert sem getur aukið áhrif manna og dýra, aukið líkur á áfoki með tilheyrandi skemmdum og aukið líkur á breytingu lífríkis og takmarkað erfðafjölbreytileika. Girðing kring um Viðey er því að mínu mati bæði léttvæg og ótrúverðug mótvægisáðgerð.

Ég geri athugasemd við að Hvammsvirkjun í Þjórsá sé í 1. orkunýtingarflokk af fyrrgreindum ástæðum og legg til að hún verði flutt í verndarflokk eða mat á umhverfisáhrifum verði endurskoðað í ljósi þeirra upplýsinga sem hafa komið fram á undanförunum árum. Nýtingarflokkun þessa virkjanakosts er engan vegin ásættanleg þegar litið er til þess hve gögn sem snúa að núverandi umhverfismati eru úreld og ófullnægjandi.

Selfossi, 11. nóvember 2011,

Elín Guðmundsdóttir

Náttúrufræðingur,

M.S. nemi í náttúru- og umhverfisfræðum við Lbhí

Heimildir:

Anna Sigríður Valdimarsdóttir. (2010). *Gróður í Viðey í Þjórsá*. Óútgefin bakkalárritgerð, Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri.

Kristbjörn Egilsson, G. A. (2002). *Gróður og fuglar á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar í Þjórsá við Núp*. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands [Unnið fyrir Landsvirkjun].

Landsvirkjun. (2003). *Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu. Mat á umhverfisáhrifum*. Almenna verkfræðistofan hf.

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. (2011). Alþingi.

Umhverfisráðuneytið. (24. ágúst 2011). *Auglýsing nr. 850 um friðlýsingu Viðeyjar í Þjórsá*.